

Sparisjóður Vestfirðinga

**Árshlutareikningur
30. júní 2005**

Sparisjóður Vestfirðinga
Fjarðargötu 2
470 Þingeyri

Kt. 610269-2499

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri sjóðsins á fyrstu sex mánuðum tímabilsins 85,1 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 869,8 millj. kr. í lok tímabilsins. Eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 13,0%, en hlutfallið má lægst vera 8%.

Til að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins var stofnfé sjóðsins aukið um 50,3 millj. kr. á tímabilinu. Sjóðurinn greiddi 8,9 millj. kr. í arð á tímabilinu og voru 5,5 millj. kr. greiddar í formi stofnfjárbréfa að vali stofnfjáreigenda.

Stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga og sparisjóðsstjóri staðfesta árshlutareikning sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005 með undirritun sinni.

Þingeyri, 23. ágúst 2005.

Stjórn:

Guðmundur Steinar Björgmundsson

Björgvin Sigurjónsson

Óskar Elfásson

Jón B. G. Jónsson

Sparisjóðsstjóri:

Angantýr V. Jónasson

Áritun endurskoðenda

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005. Reikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 29. Árs hlutareikningurinn er byggður á gögnum sjóðsins og upplýsingum frá stjórnendum hans.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna sjóðsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árs hlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu og efnahag í lok þess, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. ágúst 2005.

Helgi F. Arnarson

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2005

	Skýr.	2005 1.1.-30.6.	2004 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		9.441.678	4.471.542
Vaxtatekjur af útlánum		361.416.264	331.169.124
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		10.619.287	14.075.259
Aðrar vaxtatekjur		1.912.361	289.688
	3	<u>383.389.590</u>	<u>350.005.613</u>
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		17.208.468	17.544.866
Vaxtagjöld af innlánum		123.975.770	104.895.155
Vaxtagjöld af lántöku		74.504.655	72.646.024
Vaxtagjöld af víkjandi lánum		7.229.768	10.398.521
Önnur vaxtagjöld		1.353.408	1.138.320
	3	<u>224.272.069</u>	<u>206.622.886</u>
		Hreinar vaxtatekjur	159.117.521
			143.382.727
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	4	36.875.751	4.250.931
Þjónustutekjur	5	49.828.970	49.516.150
Þjónustugjöld		(5.739.723)	(6.188.421)
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	17	118.040.156	159.714.966
Ýmsar rekstrartekjur		13.305.475	17.946.952
		<u>212.310.629</u>	<u>225.240.578</u>
		Hreinar rekstrartekjur	371.428.150
			368.623.305
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		92.105.304	77.677.559
Annar almennur rekstrarkostnaður		79.274.927	74.860.088
Afskriftir	12	9.390.052	10.581.571
		<u>180.770.283</u>	<u>163.119.218</u>
Framlag í afskriftareikning útlána	7,20	(89.244.814)	(190.044.000)
		Hagnaður fyrir tekjuskatt og framlag Tryggingasjóðs	101.413.053
			15.460.087
Tekjuskattur	13	(16.339.247)	(2.456.135)
Hagnaður fyrir framlag Tryggingasjóðs		85.073.806	13.003.952
Framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða	18	0	36.900.000
Hagnaður tímabilsins	27	<u>85.073.806</u>	<u>49.903.952</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6.2005	31.12.2004
Sjóður og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður		68.812.805	40.018.373
Kröfur á aðrar lánastofnanir		680.762.409	435.976.791
		<u>749.575.214</u>	<u>475.995.164</u>
Útlán:			
Útlán til viðskiptamanna		5.647.661.200	5.559.461.864
Fullnustueignir		226.358.605	203.201.461
	19-20	<u>5.874.019.805</u>	<u>5.762.663.325</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
Markaðsskuldabréf með föstum tekjum	9,21,22	300.850.908	303.935.182
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	9,23	578.820.231	444.822.065
Hlutir í hlutdeildarfélögum	10	19.118.831	18.380.947
		<u>898.789.970</u>	<u>767.138.194</u>
Aðrar eignir:			
Langtímakostnaður	11	3.258.290	5.973.530
Rekstrarfjármunir	12	239.683.447	246.335.392
Reiknuð skattinneign	13	9.083.482	25.422.729
Ýmsar eignir		17.330.889	291.137
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur		10.966.358	15.652.708
		<u>280.322.466</u>	<u>293.675.496</u>
	Eignir samtals	<u>7.802.707.455</u>	<u>7.299.472.179</u>

30. júní 2005

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30.6.2005	31.12.2004
Skuldir við lánastofnanir		<u>0</u>	<u>2.430.946</u>
Innlán:			
Óbundin innlán		3.361.267.047	3.255.389.908
Bundin innlán		<u>1.083.662.461</u>	<u>1.033.078.169</u>
		4.444.929.508	4.288.468.077
Lántaka		<u>2.162.051.487</u>	<u>1.933.266.729</u>
Aðrar skuldir:			
Ýmsar skuldir		14.098.260	37.063.698
Áfallin gjöld		<u>36.066.398</u>	<u>22.619.670</u>
		50.164.658	59.683.368
Lífeyrisskuldbinding	24	<u>28.061.654</u>	<u>27.272.130</u>
Víkjandi lán	14,25	<u>247.736.531</u>	<u>251.041.331</u>
Eigið fé:			
Stofnfé		233.304.356	170.725.778
Varasjóður		<u>636.459.261</u>	<u>566.583.820</u>
	26-28	869.763.617	737.309.598
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>7.802.707.455</u></u>	<u><u>7.299.472.179</u></u>
Utan efnahagsreiknings:			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	29		

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2005

	Skýr.	2005 1.1.-30.6.	2004 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	27	85.073.806	49.903.952
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðlagsbreytingar	(6.175.077)	41.756.777
Framlag í afskriftareikning útlána	18	89.244.814	190.044.000
Tekjuskattur		16.339.247	10.556.136
Hagnaður af hlutdeildarfélögum	(737.884)	(2.252.952)
Aðrir liðir	(419.857)	(142.319.900)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		18.922.601	2.717.899
		<u>202.247.650</u>	<u>150.405.912</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(7.043.367)	12.879.113
Útlán, breyting (hækkun) lækkun	(161.543.736)	(229.177.267)
Veltuskuldabréf, breyting		3.084.274	(39.986.641)
Veltuhlutabréf, breyting	(133.998.166)	(140.634.057)
Eignarhlutir í félögum, breyting		9.787.042	620.899
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		0	(686.083)
Seldir varanlegir fastafjármunir		0	200.000
Ýmsar eignir	(17.039.752)	3.562.877
		<u>306.753.705</u>	<u>393.221.159</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Hækkun stofnfjár		50.742.963	53.683.529
Skuldir við lánastofnanir	(2.430.946)	(9.236.440)
Lántaka, breyting		212.114.931	72.878.936
Innlán, breyting		142.943.977	136.731.517
Ýmsar skuldir	(22.965.438)	(23.530.170)
Víkjandi lán	(6.000.000)	73.500.000
Greiddur arður af stofnfé	27	(3.362.749)	(4.827.154)
		<u>371.042.738</u>	<u>299.200.218</u>
Hækkun á handbæru fé		266.536.683	56.384.971
Handbært fé í ársbyrjun		405.931.489	293.008.000
Handbært fé í lok tímabils	15	672.468.172	349.392.971
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur eignarskattur		493.845	343.541
Arður greiddur með stofnfé		5.504.755	0

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok 2005. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en sex mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

4. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

Þjónustutekjur

5. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sparisjóðsins þegar verða til.

Útlán

6. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júnílok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2005 og gengistryggð lán miðað við gengi gjaldmiðla í júnílok.
7. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

8. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Í einstökum tilvikum hefur slík innlausn verið gerð af sérstökum rekstrarfélögum í eigu sparisjóðsins og eru útlán til þeirra færð með fullnustueignum. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í árshlutareikning sparisjóðsins.

Markaðsverðbréf og eignarhlutar

9. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingahlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í júniflok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

10. Sparisjóðurinn stendur að rekstri tveggja félaga um sameiginlega tölvuþjónustu fyrir lánastofnanir. Eignarhlutir í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar í eigin fé þeirra.

Viðskiptavild

11. Á eignarliðinn viðskiptavild er eignfærður kostnaður vegna kaupa á öðrum bankarekstri. Viðskiptavildin er gjaldfærð í rekstrarreikningi á fimm árum.

Rekstrarfjármunir

12. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og tæki	5 ár

Tekjuskattskuldbinding

13. Skatteign er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í árshlutareikningi.

Í lok tímabilsins nam yfirfæranlegt skattalegt tap sparisjóðsins hærri fjárhæð en stofn tekjuskattskuldbindingar. Vegna þess er færð til eignar, sem sérstakur liður, reiknuð skattinneign. Útreikningur og framsetning reiknuðu skattinneignarinnar byggir á reglum Reikningsskilaráðs um tekjuskattskuldbindingu, en samkvæmt reglunum er heimilt að færa til eignar reiknaða skattinneign ef líklegt má telja að skattskyldar tekjur í framtíðinni leiði til þess að skattinneignin nýtist þá til lækkunar á skattgreiðslum.

Víkjandi lán

14. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 27. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júniflok og endurgreiðast á næstu tíu árum.

Skýringar, frh.:

Handbært fé

15. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir.

Afleiðusamningar

16. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikningi sjóðsins, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2005 en nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggt á vaxtahlutföllum o gverði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Sjóðurinn hefur gert framvirkan gjaldmiðlasamning til að verja sjóðinn gegn gengisáhættu vegna lánveitinga. Samningurinn er færður í ársreikning sjóðsins á áætluðu markaðsvirði í júnílok.

Aðrar rekstrartekjur

17. Gengishagnaður (tap) af annarri fjármálastarfsemi sundurliðast þannig:	30.06.2005	30.06.2004
Veltuhlutabréf	123.213	139.784
Gjaldeyrisviðskipti	(5.173)	19.931
Samtals	<u>118.040</u>	<u>159.715</u>

Framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða

18. Framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða sundurliðast þannig:

Framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða.....	0	45.000
Tekjuskattur.....	0	(8.100)
Samtals	<u>0</u>	<u>36.900</u>

Útlán

19. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok tímabilsins greinist þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	271.150	224.479
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(132.977)	(180.656)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	138.173	43.823
Önnur vaxtafryst útlán	<u>654.004</u>	<u>710.950</u>
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>792.177</u>	<u>754.773</u>

Skýringar, frh.:

20. Breyting á afskriftareikningi útlána á tímabilinu greinist þannig:

	Afskriftareikningur		30.6.2005	30.6.2004
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	180.656	90.494	271.150	213.323
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	86.246	2.999	89.245	190.044
Endanlega töpuð útlán	(133.925)		(133.925)	(94.369)
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins	<u>132.977</u>	<u>93.493</u>	<u>226.470</u>	<u>308.998</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	2,1%	1,5%	3,6%	5,5%

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

21. Skuldabréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Skráð í Kauphöll Íslands	299.838	299.838
Óskráð skuldabréf		<u>1.013</u>
Skuldabréf samtals		<u>300.851</u>

22. Markaðsskuldabréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:

	30.6.2005	31.12.2004
Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum	299.838	302.950
Skuldabréf útgefin af öðrum	1.013	985
Samtals	<u>300.851</u>	<u>303.935</u>

23. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
Skráð í Kauphöll Íslands	31	31
Önnur skráð bréf	45.272	45.272
Óskráð bréf		<u>325.950</u>
Samtals		<u>371.253</u>
Fjárfestingarhlutabréf:		
Óskráð hlutabréf		<u>207.567</u>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals		<u>578.820</u>

Lífeyrisskuldbinding

24. Hluti af starfsmönnum sjóðsins eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og ber sparisjóðurinn ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til þeirra. Skuldbinding sparisjóðsins vegna þessa nemur 28,1 millj. kr. í júnílok 2005.

Skýringar, frh.:

Víkjandi lán

25. Víkjandi lán greinast þannig eftir lánstíma:

	Vextir	Gjalddagi	Staða
Verðtryggð lán	7,0%	2006 – 2010	133.428
Verðtryggð lán	7,5%	2009	6.535
Verðtryggð lán.....	7,5%	2010	6.589
Verðtryggð lán.....	5,5%	2014	101.184
Samtals			<u>247.736</u>

Eigið fé

26. Stofnfé sjóðsins nemur 239,5 millj. kr., þar af nema eigin bréf 6,2 millj. kr. Stofnfé samkvæmt efnahagsreikningi nemur því 233,3 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverri 1 krónu í stofnfé, en hver stofnfjáraðili má þó ekki fara með meira en 5% af heildaratkvæðum í sjóðnum samkvæmt samþykktum hans.

27. Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2005	170.726	566.583	737.309
Endurmat stofnfjár	6.788 (6.788)	0
Greiddur arður	5.505 (8.868) (3.363)
Aukning stofnfjár	53.507	457	53.964
Keypt stofnfé	(3.220)		(3.220)
Hagnaður tímabilsins		85.074	85.074
Eigið fé 30.6.2005	<u>233.306</u>	<u>636.458</u>	<u>869.764</u>

28. Eigið fé í júnflok nemur 869,8 millj. kr. eða 11,2 % af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálastofnanir er 13,0%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		30.6.2005	31.12.2004
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	7.802.707	6.315.552	6.309.720
Eignir til frádráttar eigin fé		(267.838) (200.845)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings	265.743	181.827	205.548
Áhættugrunnur samtals		<u>6.229.541</u>	<u>6.314.423</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárþáttur A			
Bókfært eigið fé		869.764	737.370
Viðskiptavild		(3.258) (5.974)
Eiginfjárþáttur B			
Víkjandi lán		209.904	209.639
Eignarhlutir í fjármálastofnunum		(264.580) (194.871)
Eigið fé samtals		<u>811.829</u>	<u>746.164</u>
Eiginfjárhlutfall		13,0%	11,8%

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar

29. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	30.6.2005	31.12.2004
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	195.946	239.986
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	318.364	318.871
Framvirkir samningar		
Eignir í íslenskum krónum	69.797	77.109
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	68.380	72.611

Með framangreindum samning er að því stefnt að draga úr gengisáhættu sparisjóðsins. Áhætta sparisjóðsins vegna sammingsins felst í gengismun. Áhættan í júnílok jafngildir útlánum að fjárhæð 2,1 millj. kr. við mat á eiginfjárlutfalli sjóðsins samkvæmt gildandi reglum.